



Ósk um heimild til að hefja sölu á fasteigninni Eyri hjúkrunarheimili

Á fundi bæjarráðs þann 5. febrúar 2024 var bæjarstjóra falið að hefja samtal við Fjármála- og efnahagsráðuneytið um rekstur og mögulega yfirtöku ríkisins á fasteign Ísafjarðarbæjar sem hýsir hjúkrunarheimilið Eyri á grunni nýútkomnar skýrslu ráðuneytisins um Breytt fyrirkomulag fasteigna vegna hjúkrunarheimila.

Bæjarstjóri ásamt þremur fulltrúum bæjarráðs Ísafjarðarbæjar átti fund í mars sl. með þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra Þórdísi Kolbrúnu Reykzförð Gylfadóttur til að fara yfir málið og kanna hvaða leiðir væru færar til að samræma eignarhald á fasteigninni sem hýsir hjúkrunarheimilið Eyri og nýja 10 rýma álmu, en bygging hennar er nú í undirbúningi. Fram kom á þeim fundi að ráðuneytinu hugnaðist best að hjúkrunarheimilið Eyri yrði sett á sölu, og að óskað yrði eftir tilboðum í eignina, sambærileg leið og Seltjarnarnesbær fór fyrir á árinu vegna hjúkrunarheimilisins Seltjarnar, og að byggingarréttur á nýrri álmu yrði seldur samhliða.

Frá því að húsið sem hýsir hjúkrunarheimilið Eyri var tekið í notkun hefur rekstur fasteignarinnar verið Ísafjarðarbæ þungur og hafa framlög frá ríkinu ekki dugað til að standa undir rekstri hússins.

Bæjarráð hefur ráðfært sig við Árna Ármann Árnason hjá Libra lögmonnum sem sá um sölufarlið á hjúkrunarheimilisfasteigninni á Seltjarnarnesi og hefur hann samþykkt að vera Ísafjarðarbæjar innan handar í sölufarlinu á Eyri, ef sala verður samþykkt af hálfu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Þessar fyrirætlanir hafa verið kynntar forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sem sjá um rekstur á Hjúkrunarheimilinu Eyri, en engar breytingar verða á rekstri eða þjónustu við íbúa komi til sölu fasteignarinnar. Það verður hins vegar talsvert hagræði af því ef sami aðili á báðar fasteignirnar, þ.e. eldri byggingu og nýja álmu, þegar kemur að rekstri og viðhaldi þeirra.

Samkvæmt grein 1.4 í samningi Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisráðuneytisins er Ísafjarðarbæ óheimilt að framselja eignarrétt að húsnæði hjúkrunarheimilisins til þriðja aðila á samningtímanum og þurfti því að óska eftir formlegu leyfi frá Fjármála- og efna til að hefja slíkt ferli. Samkvæmt bréfi ráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, hefur Ísafjarðarbær nú fengið leyfi til að hefja sölufarli hússins.

Næstu skref er óska eftir samþykkt bæjarstjórnar til að hefja sölufarli á fasteigninni.